

**Nd.**

**496. Nefndarátt**

um frumv. til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta fer að eins fram á þá breytingu á gildandi lögum um vitagjald, að hækka gjaldið úr 25 aurum upp í 35 aura af hverri smálest af rúmmáli skipsins, og af skipum, sem höfð eru til innanlandssiglinga, er lágmark árgjaldsins hækkað úr 4 kr. upp í 6 kr.

Nefndin er samþykk þessum breytingum og ræður til, að frumv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 15. ágúst 1917.

Magnús Guðmundsson,  
formaður.

Gisli Sveinsson,  
skrifari.

Pórarinn Jónsson,  
framsögum.

Þorsteinn M. Jónsson.

H. J. Kristófersson.